

Nr. 20-108 S 073 Höfrungur III AK 250***Skipverji slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr. 1902
IMO 8704987
Smíðaður: Kristinasund N. Noregi 1988
Útgerð: Brim hf
Stærð: 784,1 brl. 1521 bt.
Mesta lengd: 55,6 m Skráð lengd: 47,52 m
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 27



Höfrungur III ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. maí 2020 var Höfrungur III AK 250 á veiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SSA 7 m/s.

Skipverjar voru að taka stjórnborðstrollið. Höfuðlínan kom óklár og var hún híft vel upp með pokaspilinu til að ná henni klárri. Bugt var á henni bakborðsmegin sem lá yfir stjórnborðshöfuðlínuna en þegar strekktist á henni féll bugtin niður og lenti á höfði og öxl eins skipverjans.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjarnir tóku ekki eftir bugtinni á höfuðlínunni þegar híft var í hana;
- að skipverjinn var kominn inn í rennuna ásamt öðrum skipverja til að leggja höfuðlínuna niður og ofan á trollið þegar henni var slakað niður til að koma í veg fyrir að höfuðlínan lenti ofan í rennunni;
- að slasaði var með lokaðan öryggishjálms;
- að fallhæðin var um fjórir metrar;
- að fram kom að um borð væri öryggisnefnd en hún væri ekki virk né eftirfylgni á áhættumati.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til ályktunar en nefndin bendir á skyldu til þess að öryggisnefnd sé virk og áhættumöt gerð, sbr. reglugerð nr. 200/2007.